

Grímsnes-og Grafningshreppur
Margrét Sigurðardóttir
Borg
801 Selfoss



UST

Umhverfisstofnun
Áb. <u>DA</u> <u>HJ</u>
16 DES. 2003
54.23
Tilv. <u>UST20031100135</u>

Umhverfisstofnun

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

Deildin umhverfisstofnun, Almannagötu 1, 101 Reykjavík, Ísland

12. desember 2003

Tilvísun: UST20031100135/6á

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnes- og Grafningshreppi.


Vísað er til erindis sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagstillögu. Fyrirhuguð byggð er innan svæðis á náttúruminjaskrá, **Þorkelsholt-Hamrar (nr. 768)**. Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

Þorkelsholt-Hamrar, Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu. (1)
Svæði utan ræktaðs lands á milli Þorkelsholts og bæjarins Hamra. Til vesturs markast svæðið af þjóðvegi og til austurs af Hvítá. (2)
Víðáttumikið votlendissvæði, sem virðist að talsverðu leyti óskert.


Umrætt svæði er jafnframt hluti af stærra votlendissvæði sem nær yfir Reykjanes, Skálholtstungu og Höfðaflatar auk ofangreinds svæðis. Þetta svæði er í heild sinni eitt af mikilvægustu votlendissvæðum á Suðurlandi. Mosar-Skálholtstunga og Höfðaflatar eru í hópi fárra votlendissvæða á Suðurlandi sem enn eru sem næst óröskuð. Margar sjaldgæfar plöntutegundir finnast í Skálholtungumýri og á Reykjanesi, auk þess sem Höfðaflatar eru fellistaður grágæsa.

Það svæði sem hér um ræðir ber meiri merki rasks og nýtingar en ofangreind svæði. Ber að nefna að í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008, þar sem lagt er til að ofangreind votlendissvæði verði friðlýst sem búsvæði, er votlendið frá Þorkelsholti að Hömrum undanskilið. Skerðing á svæðinu vegna fyrirhugaðrar byggðar nær til nyrsta hluta svæðisins og samkvæmt samþykktu aðalskipulagi eru ekki áform um að skerða svæðið frekar með byggð hliðstæðri að umfangi. Byggðin er jafnframt í ásættanlegri fjarlægð frá bökkum Brúarár.

Með hliðsjón af ofangreindu gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu.


Olafur Arnason

Virðingarfyllst,


Helgi Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun.